Fimmtudagur 14. desember 1978 ÞJÓÐVILJINN — StÐA 3

Steingrímur sýnir að Kjarvalsstöðuni

Vogun vinnur, vogum tapar
segir listamaðurínn

Steingrimur Sigurðsson list-
málari opnar 41. sýningu sina að
Kjarvalsstöðum á morgun, föstu-
dag kl. 20.30 i trássi við sýninga-
bann BtL og FtM á Kjarvalsstöð-
um. Steingrlmur mun sýna 60-70
verk, ýmist máluð fyrir vestan
eða I Reykjavik, nánara tiltekið i
Breiðholtinu, sem listamaðurinn
nefnir Gólanhæðir. Sýningin

verður opin til 22. desember.
Þjóðviljiiin hefði samband við
Steingrim varðandi þessa
ákvörðun hans um að sýna á
Kjarvalsstöðum.
— Ég sótti um leyfi til að sýna á
Kjarvalsstöðum fyrir 10-12 dög-
um og fékk það f siðustu viku,
sagði Steingrlmur. Ég er ekki
Framhald á 18. siðu

— Sýning mln hreinsar loftið meðal myndlistarmanna, segir Stein-grlmur Sigurðsson.

Spillir fyrir samningunum

Þannig hefur veriö umhorfs á Kjarvalsstöðum siðustu vikurnar vegna banns FtM á hiísið. -Ljósm. Leifur.

segir formaður FIM
„Þessi ákvörðun er ákaflega
heimskuleg og hlýtur að spilla
fyrir samkomuiagi við listamenn.
Viðræður voru i gangi og við höfð-
um vonast til þess að á næsta
fundi yrði séð fyrir endann á deil-
unni," sagði Hjörieifur Sigurðs-
son, formaður Féiags Islenskra

myndlistarmanna, I gær um þá
ákvörðun meirihlutastjórnar
Kjarvalsstaða að leyfa utanfé-
lagsmanni að opna sýningu þar á
morgun.
Stjórn Kjarvalsstaða hefur
ekki haldið formlegan fund siöan
28. nóvember sl. Akvörðunin um
aö veröa við ósk Steingrims Sig-

urðssonar um að opna sýningu á
Kjarvalsstöðum var tekin á
óformlegum fundi Sjafnar Sigur-
björnsdóttur og Daviðs Oddsson-
ar meðan á borgarstjórnarfundi
stóö sl. fimmtudag.

Davið Oddsson borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins sagði i sam-
tali við Þjóðviljann I gær aö þetta
skyndileyfi hefði verið veitt utan
stjórnarfundar eins og iðulega
værigertþegarumstuttar sýning-
ar væri að ræöa. Tlðkaðist þetta
bæði i borgarstjórn og viðar.
Þriðji stjornármaðurinn Guðrún
Helgadóttir hefði ekki gert neina
athugasemd við þetta. Aöspurður
kvað Davlð það rétt vera aó sam-
þykktmeirihlutans hefði ekki verið
formlega bókuði en það yrði gert
á næsta stjórnarfundi. „Þetta er
fyrst og fremst spurning um hús-
askjól fyrir listamann", sagði
Davið. „Steingrimur sótti um
sýningarpláss á Hótel Borg en
Sigrún Jónsdóttir fék þar inni
þegar hvln dró Kjarvalsstaöaum-
sókn sina til baka. Steingrimur
fékk þá Kjarvalsstaði."
„Ég veit ekki hvernig þessi
ákvörðun er til komin", sagði
Guðrún Helgadóttir borgarfull-
trúi I gær.„Enginnstj6rnarfundur
hefur verið haldinn og ekkert
bokað um leyfið. Málið verður si-
fellt dularfyllra."
Að þvi er Thor Vilhjálmsson,
formaður Bandalags islenskra
listamanna tjáði blaðinu i gær
veröur i kvöld haldinn fundur

stjórnar BIL og formanna aðild-
arfélaga þess i Norræna húsinu
og er fundarefnið staðan i Kjar-
valsstaðadeilunni. — IM/ekh

Snílldarv erk
nútíma heimsbókmennta í afbragðsþýðmgum

Fjandinn
hleypur í Gamalíel
Smásagnasafn Williams Hcinesen

Wilktm Hcmesen

Fjandmn Miyour
iGamak Þar segir frá Atlöntu Mlrmanns og Riboit lækni

— tslendingunum Báltazar Njálssyni, Einari
Ben og jómfrú Mariu — Leó og stuikunni hans —
Gamaliei og konunni hans, Sexu — þar segir fra
miðpunkti heimsins og Paradisarlundum —
garðinum brjálæðingsins og mánagyðjunni
Astarte — Kaupmannahöfn.i.Leith, Vancouver
og furðuheimi bernskunnar I Tlnglsalandi þar
sem Talalok konungur ræður iöndum f krafti
skáldgáfu sinnar. Og mörgu öðru.

Það er William Heinesen sem segir frá og Þor-
geir Þorgeirsson sem þýðir.

Hundrað

ára einsemd
Skáldsaga eftir kólumbiska rithöfundinn Gabriel Garcia Marques
í þýdingu
Guðbergs Bergssonar

iJilJJDiiilLI Mb

/~ Gabríel Gareia
y Maiquez

\

V

f?

Hundrað ára einsemd er ættarsaga sem tekur
yfir hcila öld, frá þvl nýr heimur er numinn og
þangað til hann Hður undir lok. Llf þjoðanna er
brætt inn I athafnir þessarar fjölskyldu, hug-
sjónir hennar, afrek og spaugilegir hættir þeyt-
ast um spjöid sögunnar I sögulegum harmleik
byltinga, bjargráða kanans á bananavöllum og
syndaflóði ástarinnar. Hundrað ára cinsemd
hcfur verið nefnd mesta stórvlrki rómanskra
bókmcnnla á þessari ðld.

Mál og menning